

## Svæðisráðsfundur Kirkjubæjarklaustri 21. Nóvember 2015

Tómas Sveinsson svæðisstjóri setti fund kl. 13.

Mættir voru fulltrúar frá eftirfarandi klúbbum:

Helgafell: Kári Hrafn Hrafnkelsson, forseti og Hafsteinn Gunnarsson, ritari.

Ós: Sigurður Einar Sigurðsson, ritari, Ingvar Snæbjörnsson, forseti, Ásgeir Ásgeirsson, óbreyttur.

Búrfell: Ágúst Magnússon, gjaldkeri og Hilmar Þ. Björnsson kjörforseti.

Mosfell: Björn Baldvinsson, ferðanefnd. Sigurður Skarphéðinsson, Erlendur Örn Fjeldsted, forseti

Ölver: Kári Hafsteinsson, forseti og Björn Þór Gunnarsson, ritari.

Haukur Sveinbjörnsson, kjörumdæmisstjóri (ÓS) Tómas Sveinsson, svæðisstjóri (Helgafell)

Tómas Sveinsson setti fund kl. 13 og bauð félagi velkomna.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp. Tómas Sveinsson svæðisstjóri leitaði eftir því hvort fundargerð síðasta fundar hefði borist en hún var ekki til staðar.
2. Skýrsla svæðisstjóra: Tómas Sveinsson svæðisstjóri fór yfir skýrslu svæðisstjóra en hún var send til fundarmanna í tölvupósti fyrir fundinn. Starf svæðisstjóra hófst strax að loknu umdæmisþingi í Vestmannaeyjum um miðjan september. Nú þegar hefur svæðisstjóri séð um stjórnarskipti hjá öllum klúbbum á svæðinu. Umdæmisstjórnarfundur var haldinn 14. nóvember sl. en þar var kynnt starf markaðsnefndar. K-dagurinn var kynntur og sá Gylfi Ingvarsson um það en stefnt er að því að hann verði í október 2016. Næst var farið yfir starf ferðanefndar en stefnt er að fara á evrópuþing í Austurríki í sumarbyrjun. Farið var yfir ný umdæmislög sem kynnt voru á umdæmisþingi í eyjum í september. Ekki komu neinar athugasemdir við þessu lög og voru þau samþykkt og verða birt á vefnum innan skamms. Farið var yfir drög að ársreikningi og einnig var farið yfir vinnubrögð evrópustjórnar sem eru ekki ásættanleg að mati umdæmisstjóra.
3. Skýrslur forseta um starfið: Þar sem skýrslur frá Mosfelli og Ölver bárust seint fóru forsetar þeirra klúbba yfir skýrslur sinna klúbba. Öðrum forsetum var boðið að fara yfir sínar skýrslur. Forseti Ós fór yfir helstu atriði sinnar skýrslu. Forseti Helgafells fór yfir helstu atriði sinnar skýrslu en hann fór yfir það að 9 félagar hafa hætt í klúbbnum en þrjár umsóknir hafa verið samþykktar og 2 til viðbótar hafa sótt um. Einnig fór Kári yfir kaup á fíkniefna og leitarhundi sem verður gefin til lögreglunar í Vestmannaeyjum. Ágúst Magnússon frá Mosfelli fór yfir helstu atriði skýrslu Mosfells.
4. Kynning á Kiwanis/Ólískorti: Haukur Sveinbjörnsson, kjörumdæmisstjóri fór yfir hugmyndir að samstarfi við Ólís um Ólískort en þá mun hluti þess sem félagar versla fyrir ganga til Kiwanis. Hugmyndin er að félagar fái 9 kr. afslátt og Kiwanis fái 2 kr. einnig er hægt að skrá sig hjá Ólís og fá þá einnig 2,5 kr. í formi ferðapunkta. Haukur fór yfir undirbúning hans sem kjörumdæmisstjóra en hann hann sótti fræðslu til USA. Jafnframt fór hann yfir skipan formanns þingnefndar fyrir umdæmisþing á Akureyri í september 2017. Búið er að skipa nýjan fræðslustjóra en það er Gulli í Eldey. Einar þakkaði Hauki fyrir hans störf og lýsti yfir stolti yfir því að fulltrúi Ós væri að taka að sér stjórn umdæmisins. Kári forseti Helgafells vildi vita hvort þeir fjármunir sem kæmu frá Ólís væru eyrnamerkir í einhver málefni. Haukur sagði að þessir fjármunir yrðu notaðir til að gera umdæmið sjálfbært a.m.k. til að byrja með. Nú er umtalsverður kostnaður sem fellur á embættismenn þegar þeir taka að sér störf fyrir umdæmið. Tómas svæðisstjóri fór yfir það að breyta þyrfti hugsunarhætti í umdæminu og til dæmis með því að selja auglýsingar á heimasíðu umdæmisins.
5. Fyrirmyndarmarkmið Umdæmisins: Tómas svæðisstjóri vakti máls á fyrirmyndarmarkmiðum umdæmisins. Ágúst Magnússon frá Búrfelli tók til máls og fór yfir þau viðmið sem eru í gildi núna. Hann var ósáttur við að hans klúbbur fékk ekki viðurkenningu sem fyrirmyndarklúbbur á síðasta umdæmisþingi. Tómas svæðisstjóri fór yfir þau viðmið sem eru í gildi og taldi að það þyrfti að taka þetta kerfi til endurskoðunar og jafnvel að hætta með þetta kerfi.
6. Kynningafundur á Hellu í febrúar: Svæðisstjóri fór yfir efni fundarins og hvort félagar hefðu einhverjar hugmyndir um efni til að taka fyrir á þessum fundi. Til stendur að reyna að stofna nýjan klúbb á svæðinu og verður það auglýst á svæðinu. Tómas áformar að hafa svæðisráðsfund á undan þessum fundi. Gert er ráð

fyrir að markaðs og kynningarnefnd verði með efni á þessum fundi. Haukur kjörumdæmisstjóri kom fram með þá hugmynd að gera þennan viðburð stærri og skapa stemmingu með því að taka með maka og gista yfir nótt.

7. Ferðanefnd Kiwanis: Björn Baldvinsson fór yfir skipulagningu á ferð til Austurríkis á evrópuþing 2016. Ferðin verður frá 25. maí til 6. Júní 2016 en flogið verður til Munchen og þaðan verður keyrt yfir til Austurríkis. Ferðin kostar rúmlega 283 þús. og þarf að greiða staðfestingargjald í síðasta lagi í janúar nk.
8. Tillögur að Kjör kjörsvæðisstjóra: Farið var yfir málið og er það Mosfell sem á að tilnefna kjör kjörsvæðisstjóra. Ekki liggur fyrir tillaga á þessum tímapunkti.
9. Önnur mál: Ágúst Magnússon ræddi um heimasíðu umdæmisins sem hann taldi að væri góð. Hann gerði hins vegar athugasemdir við það efni sem væri á heimasíðunni en margt efni á heimasíðunni væri úrelt. Einnig væri sumt efni sem væri ekki nægjanlega aðgengilegt. Til dæmis vantaði grunnupplýsingar eins og til dæmis þau gjöld sem félagar eiga að greiða vegna gerð fjárhagsáætlunar. Ágúst lagði fram eftirfarandi tillögu:

*Svæðisfundur Sögusvæðis 21. nóvember 2015 beinir því til fræðslunefndar og vefstjóra að gerð verði handbók fyrir stjórnendur kiwanisklúbba og hún verði skipulega uppsett og aðgengileg á Kiwanis.is. Í þessari handbók verði að finna upplýsingar um dagsetningar varðandi skýrsluskil, gjöld og gjalddaga.*

Tómas bar upp tillöguna og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum.

Tómas svæðisstjóri fór yfir nýjungar á heimasíðu Kiwanis en þar á að reyna að gera efni aðgengilegra og jafnvel að hver klúbbur hafi sitt svæði.

Björn Baldvinsson ræddi um geymslu á myndum fyrrverandi embættismanna og öðrum gögnum. Hann hafði áhyggjur að því að ýmis söguleg gætu verið að fara forgörðum vegna þess að varsla þeirra væri ekki nægjanlega góð.

Ágúst Magnússon vildi vita hvort einhver vissu um gott bókhaldsforrit til að færa bókhald klúbbana. Almennt voru klúbbbar að nota excel til að færa bókhald og gera ársreikninga.

Björn Þór ritari Ölvers fór yfir afmælisrit sem klúbburinn gaf út og sagði hann að þetta hefði reynt góð fjáröflun fyrir klúbbinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Hafsteinn Gunnarsson svæðisritari.